

22. júní, 2009

Endurflokkun félaga í kauphöllum NASDAQ OMX Nordic eftir markaðsvirði

Reykjavík, 22. júní, 2009 — NASDAQ OMX Nordic, hluti af NASDAQ OMX Group (NASDAQ:NDAQ) tilkynnti í dag að endurflokkun félaga eftir markaðsvirði sem framkvæmd er tvisvar á ári er lokið. Endurflokkunin er byggð á meðalmarkaðsvirði í maí 2009. Hún er, ásamt vísitölum og atvinnugeiraflokkun tæki til að efla sýnileika félaga sem skráð eru í NASDAQ OMX Nordic kauphöllum.

Þann 1. júlí 2009, munu eftirfarandi 19 félög breyta um flokk eftir markaðsvirði:

| Félag | Núverandi flokkur | Nýr flokkur | Kauphöll |
|-------------------------------|-------------------|-------------|---------------|
| Bakkavör Group hf. | Meðalstórt | Lítið | Ísland |
| Capinordic A/S | Meðalstórt | Lítið | Kaupmannahöfn |
| Cision AB | Meðalstórt | Lítið | Stokkhólmur |
| Dalhoff Larsen & Horneman A/S | Meðalstórt | Lítið | Kaupmannahöfn |
| Elektrobit Oyj | Meðalstórt | Lítið | Helsinki |
| Fionia Bank A/S | Meðalstórt | Lítið | Kaupmannahöfn |
| Formuepleje Merkur A/S | Meðalstórt | Lítið | Kaupmannahöfn |
| H+H International A/S | Meðalstórt | Lítið | Kaupmannahöfn |
| Hakon Invest AB | Meðalstórt | Stórt | Stokkhólmur |
| Hf. Eimskipafélag Íslands | Meðalstórt | Lítið | Ísland |
| Icelandair Group hf. | Meðalstórt | Lítið | Ísland |
| JM AB | Stórt | Meðalstórt | Stokkhólmur |
| Metro International S.A. SDB | Meðalstórt | Lítið | Stokkhólmur |
| Morphic Technologies AB | Meðalstórt | Lítið | Stokkhólmur |
| Nordicom A/S | Meðalstórt | Lítið | Kaupmannahöfn |
| PA Resources AB | Stórt | Meðalstórt | Stokkhólmur |
| RNB RETAIL AND BRANDS AB | Meðalstórt | Lítið | Stokkhólmur |
| Royal UNIBREW A/S | Meðalstórt | Lítið | Kaupmannahöfn |
| Sparbank | Meðalstórt | Lítið | Kaupmannahöfn |

Þess fyrir utan munu 79 félög ekki breyta um flokk á meðan á svokölluðu breytingatímabili stendur (samanber lagfæringar á flokkun eftir markaðsvirði sem tilkynnt var um 29. maí). Breytingatímabilið stendur fram að næstu endurskoðun, eða í a.m.k. 12 mánuði, og þýðir að félög með markaðsvirði minna en 50 prósent af þroskuldi lágmarks- eða hámarksflokks lúta endurskoðun einu sinni í viðbót áður en þau verða færð um nýjan flokk. Flokkun eftir markaðsvirði var lagfærð til að minnka áhrif sterkra markaðssveiflna á flokkunina sem og til að auka stöðugleika hennar yfir lengri tíma.

Um flokkun eftir markaðsvirði

Félög tilheyra flokkum eftir markaðsvirði ("Lítill" = Small Cap, "Meðalstór" = Mid Cap og "Stór" = Large Cap) og er miðað við meðalmarkaðsvirði þeirra í mánuði endurskoðunar. Félög með markaðsvirði sem nemur 1 milljarði Evra eða meira tilheyra "stórum" félögum, á meðan félög með markaðsvirði sem nemur minna en 150 milljónum Evra tilheyra "litlum" félögum. Félög með markaðsvirði sem nemur 150 milljónum Evra til eins milljarðs Evra tilheyra "meðalstórum" félögum.

Um NASDAQ OMX

NASDAQ OMX Group, Inc. er stærsta kauphallarfyrirtæki heims. Það veitir viðskipta- og kauphallarþjónustu sem og almenna fyrirtækjaþjónustu í sex heimsálfum og með yfir 3.900 félög í viðskiptum er það í fararbroddi stærstu markaða heims. NASDAQ OMX býður félögum um allan heim upp á fjölda fjármögnunarkosta, þar á meðal U.S. listings market, NASDAQ OMX Nordic, ásamt First North, og 144A PORTAL Market. Félagið býður upp á viðskipti með fjölda eignaflokka, svo sem hlutabréf, afleiður, skuldabréf, hrávörur, samsettar vörur og kauphallarsjóði. NASDAQ OMX upplýsingatækni styður starfsemi rúmlega 70 kauphalla, greiðslustofnana og verðbréfamíðstöðva í yfir 50 löndum. NASDAQ OMX Nordic og NASDAQ OMX Baltic eru ekki lögaðilar en hugtakið lýsir sameiginlegri þjónustu Nasdaq OMX kauphallanna í Helsinki, Kaupmannahöfn, Stokkhólmi, Íslandi, Tallinn, Ríga og Vilnías. Nánari upplýsingar um NASDAQ OMX er að finna á slóðinni www.nasdaqomx.com.

Fyrirvari vegna staðhæfinga um framtíðarhorfur

Þau mál sem hér er skýrt frá taka til staðhæfinga um framtíðarhorfur sem gerðar eru samkvæmt svonefndum Safe Harbor ákvæðum í bandarískum verðbréfalögum frá 1995 (Private Securities Litigation Reform Act of 1995). Þessar staðhæfingar taka meðal annars til en takmarkast þó ekki við staðhæfingar um afurðir og þjónustu NASDAQ OMX. Við minnum á að þessar staðhæfingar eru ekki trygging fyrir framtíðarafkomu. Raunveruleg niðurstaða kann að vera allt önnur en sú sem fram kemur berum orðum eða með öðrum hætti í staðhæfingum um framtíðarhorfur. Í staðhæfingum um framtíðarhorfur eru ýmsir áhættu- og óvissuþættir eða aðrir þættir sem NASDAQ OMX hefur ekki stjórn á. Þessir þættir byggjast á en takmarkast þó ekki við þætti sem gerð er grein fyrir í ársskýrslu NASDAQ OMX á svonefndu Form 10-K og árshlutaskýrslum sem sendar eru til bandaríska verðbréfaeftirlitsins. Við tökumst ekki á hendur neinar skuldbindingar um að endurskoða að neinu leyti staðhæfingar um framtíðarhorfur. Engin trygging er fyrir því að verðbréfaeftirlitið muni veita NASDAQ OMX aðila það vald og leyfi sem hann kynni að sækja.

- # -

Fjölmiðlar:

Kristín Jóhannsdóttir
525 2844
kristin.johannsdottir@nasdaqomx.com